

**SKÝRSLA UM MENNINGARMINJAR
Í LANDI REYKJAVÍKURFLUGVALLAR**

Birna Gunnarsdóttir

FS024-96051

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

1996

Inngangur

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta...".

Í 16. grein laganna er fornleifar skilgreindar sem "hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á..." og meðal dæma eru:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns,[...]
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra

Til fornleifa teljast allar minjar 100 ára og eldri, en heimilt er að friðlýsa yngri minjar. Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja. Í 5. gr. þeirra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og eru flugvallaframkvæmdir þar á meðal.

Nú eru fyrirhugaðar endurbætur á flugbrautum á Reykjavíkflugvelli og flughlöðum. Að beiðni borgarminjavarðar gerði Fornleifastofnun Íslands athugun á menningarminjum á flugvallarsvæðinu. Kannaðar voru ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu og gamlir uppdrættir og kort skoðuð. Þá var minja leitað á vettvangi. Hér að neðan er greint frá niðurstöðum könnunarinnar.

Minjar á flugvallarsvæðinu

Flugvallarsvæðið skiptist áður milli jarðanna Reykjavíkur og Skildinganes. Sunnanvert flugvallarsvæðið er í Seljamýri sem tilheyrði Skildinganesi en norðurhluti í Vatnsmýri sem var að mestu í landi Reykjavíkur. Um 1800 urðu deilur um landamerki Reykjavíkur og Skildinganes sem spruttu af því að Reykvíkingar vildu ekki viðurkenna landamerki sem hefðu þýtt að Vatnsmýrin væri næstum öll í eigu Skildinganes. Sættir náðust 1839 og skyldi landinu

skipt þannig að Vatnsmýrin væri að mestu innan takmarka Reykjavíkur en Skildinganes ætti nálega alla Seljamýri.¹ Þessar deilur eru til vitnis um að þótt mýrarnar væru blautar og hentuðu ekki til búsetu voru þær mikilvæg nytjalönd. Mikilvægi þeirra fólst einkum í mónum sem var grafinn upp þar og hafður til eldsneytis. Vatnsmýrin var önnur helsta mómýri bæjarbúa á 19. öld og mótak þar enn í fyrri heimsstyrjöldinni.²

Á uppdrætti sem Sveinn Sveinsson búfræðingur gerði af bæjarlandinu árið 1887 eru sýndar mógrafir í Vatnsmýri. Mógrafirnar hafa flestar verið á svæðinu norðan við flugbraut 02-20 og milli hennar og Umferðarmiðstöðvarinnar. Á korti danska herforingjaráðsins af nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar 1903 sjást mógrafir í Vatnsmýri og einnig við Nauthól. Þrjár gryfjur voru vestan við norðurenda flugbrautar 02-20 og tvær við Nauthól, vestan við flugskýli Landhelgisgæslunnar. Þessar mógrafir voru að hluta innan losunarsvæðis verkhluta 1.3, og þar nýtt flughlað (verkhluti 3.2) er fyrirhugað á athafnasvæði Landhelgisgæslunnar. Mógrafirnar sjást ekki lengur á yfirborði.

Um 1860 lét Daniel Bernhöft bakari gera akfæran veg upp úr austanverðri Vatnsmýri til að auðvelda flutninga á mónum þaðan.³ Á uppdrætti Sveins Sveinssonar frá 1887 sést að vegurinn hefur verið austan við norðurenda flugbrautar 02-20. Á uppdrættinum sést einnig vegur vestan megin við norðurenda sömu flugbrautar, og er það að líkindum vegur sem Egill Jónsson og Björn Hjaltsted létu gera fyrir árið 1873. Hvorugur þessara vega sést lengur á yfirborði, enda löngu búið að slétta túnin þarna og bylta landinu á ýmsa vegu. Vegirnir lenda báðir rétt utan við losunarsvæði verkhluta 1.3. Auk vega voru gerðar brýr í mýrinni til að auðvelda umferð um hana, hlaðnar úr mýrarhnausum.⁴ Slíkar brýr sökkva í blautum mýrum og ólíklegt að merki um þær finnist.

Mýrarnar voru einnig nýttar sem beitar- og slægjuland. Farið var að úthluta erfðafestulöndum í Vatnsmýrinni um 1890, en þótt snemma yrði þröngu um búskap í bæjarlandinu var Vatnsmýrinni að mestu haldið óskertri til kúabeitar fram til 1906.⁵ Á

¹*Saga Reykjavíkur* I, bls.15-16.

²*Sveitin við Sundin*, bls. 224.

³*Frásagnir*, bls. 88-89.

⁴*Sveitin við Sundin*, bls. 227.

⁵*Sveitin við Sundin*, bls.17 o.áfr.

erðafestuskikunum ræktuðu menn tún og höfðu matjurtagarða. Á kortum Sveins Sveinssonar 1887 og danska herforingjaráðsins 1903 sjást tún og garðar í norðan- og austanverðri Vatnsmýri. Þótt tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þau þó orðin til af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Litlar líkur eru á að það eigi við um tún í landi Reykjavíkurlugvallar, þar sem þau hafa verið sléttuð með nútímatækjum og borinn á þau ólífrænn áburður.

Einu búsetuminjarnar á flugvallarsvæðinu eru rústir Nauthóls suðaustan við athafnasvæði Landhelgisgæslunnar. Nauthóll var austasta afbýli úr landi Skildinganes og kominn í byggð um 1850. Þar var tvíbýli um skeið. Ekki var búið í Nauthól nema til aldamóta, þá kom upp taugaveiki þar og bærinn var brenndur.⁶ Á stríðsárunum reisti setuliðið mastur á steypum undirstöðum þar sem bæjarhúsin höfðu staðið og skemmdist rústin mikið við það⁷, en líklegt er að minjar séu enn varðveittar umhverfis undirstöðurnar. Aðrar minjar í Nauthól hafa varðveist betur en bæjarhúsin. Túngarður er heillegastur að norðanverðu, en þar sem hann náði lengst til suðurs hefur hann verið skemmdur. Garðurinn sést vel að vestanverðu og þar eru skýrar leifar matjurtagarða. Stór matjurtagarður sunnan við aðalbæjarhúsin hefir einnig varðveist vel. Við nyrðri vegg hans er allskýr tóft og sömuleiðis vestan við garðinn. Þá er skýr tóft við túngarðinn norðan við bæjarhús en garður umhverfis tóftina, sem er sýndur á uppdráttum af Nauthól frá 1903 og 1933, sést ekki. Við norðurvegg túngarðsins eru tvær litlar rústir, önnur við garðinn innanverðan en hin við hann utanverðan. Þessar rústir eru ekki sýndar á uppdráttum og gætu verið brunnar eða jafnvel skotbyrgi. Á rústasvæðinu er búið að planta trjám og eru minjarnar í nokkurri hættu þess vegna.

Rústir Nauthóls eru rétt sunnan við fyrirhugað flughlað hjá athafnasvæði Landhelgisgæslunnar (verkhloti 3.2) Minjarnar eru á borgarminjaskrá og friðaðar, og verður að gæta þess vandlega að framkvæmdir skerði þær ekki. Framkvæmdir nálægt rústunum eru óæskilegar, en verði af þeim þarf að sýna sérstaka aðgát og hafa eftirlit með að minjar skemmist ekki.

⁶*Sigurður í Görðunum*, bls. 18-19.

⁷*Öskjuhlíð, náttúra og saga*, bls. 27.

Niðurstöður

Á flugvallarsvæðinu hafa einkum verið minjar um mótak og jarðrækt, en þær hafa þegar skemmst vegna framkvæmda undanfarna áratugi og teljast því ekki í hættu þótt þær séu á fyrirhuguðu losunarsvæði verkhluta 1.3. Búsetuminjar eru aðeins við Nauthól og þarf að fylgjast sérstaklega með að þær skaddist ekki frekar en þegar er orðið, verði af fyrirhuguðum framkvæmdum við gerð flughlaðs í grennd við Nauthól (verkhluti 3.2).

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Reykjavík 1995.

Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð, náttúra og saga*. Reykjavík 1993.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I-II*. Reykjavík 1944.

Vilhjálmur S. Vilhjálmsson: *Sjógarpurinn og bóndinn Sigurður í Görðunum*. Reykjavík 1952.

Þórbergur Þórðarson: *Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðari helmingi 19. aldar. Frásagnir*. Reykjavík 1983.


Þórunn Valdimarsdóttir: *Sveitin við Sundin. Búskapur í Reykjavík 1870-1950*. Reykjavík 1986.

Kort

Kort af Reykjavík og nágrenni um 1850 eftir Björn Gunnlaugsson. Prentað í dagatali Árbæjarsafns 1986. Frumrit í Þjóðskjalasafni Íslands.

Kort af Reykjavík 1887 eftir Svein Sveinsson. Prentað í dagatali Árbæjarsafns 1986. Frumrit í Árbæjarsafni.

Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík og nágrenni 1903. Eintak í Borgarskjalasafni Reykjavíkur.



Mynd 1. Minjar í landi Reykjavíkurlflugvallar. Kort Almennu Verkfræðistofunnar hf. 1996.